

**Nd. 536. Frumvarp til laga [37. mál]**

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. mars.)

**1. gr.**

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra.

**2. gr.**

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af kjaradómi.

**3. gr.**

Við lögina bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

**IX. KAFLI**

**33. gr.**

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

**34. gr.**

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármála-ráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.